

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík



Reykjavík, 3. desember 2018

### **Efni: Tekjuskattur og stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki (Mál 301)**

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri sjónarmiðum um hækkun þaks á endurgreiðslum vegna kostnaðar sem fellur til vegna rannsókna- og þróunarvinnu (R&D) og rýmkunar á heimildum til skattafrádráttar vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum. Ráðið telur frumvarpið kærkomið skref í rétta átt en telur að ganga ætti enn lengra. Í því samhengi vill Viðskiptaráð gera eftirfarandi athugasemdir:

- Viðskiptaráð telur eftirsóknarvert að auka fjárfestingar til rannsókna og þróunar á Íslandi meðal annars þar sem landið er eftirbátur annarra Norðurlanda í þeim efnum
- Viðskiptaráð fagnar hækkun þaksins en telur nauðsynlegt að hvatar til R&D séu eflir enn frekar með markvissum hætti
- Við fögnum því að skilyrði fyrir nýtingu skattaafsláttar vegna hlutabréfakaupa séu rýmkuð og leggjum til að skoðað verði hvort ganga þurfi lengra í rýmkun skilyrðanna
- Huga þarf að framlengingu laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki en að óbreyttu renna þau út í lok árs 2019

### **Ríkið getur með virkum hætti aukið nýsköpun**

Almennt má segja um nýsköpun að hún sé stunduð í of litlum mæli í hefðbundnu markaðshagkerfi. Með öðrum orðum er um markaðsbrest að ræða og því eftirsóknarvert að hið opinbera styðji við nýsköpun.

Markaðsbresturinn sem háir nýsköpun er af svipuðum meiði og sá sem háir menntun. Af nýsköpunarstarfi hljótask jákvæð ytri áhrif eins og af menntun. Í tilviki menntunar hefur samfélagið hag af því að einstaklingar afli sér þekkingar og sérfræðikunnáttu en í tilviki nýsköpunar er það sköpun nýrrar þekkingar, lausna og þjónustu. Það hefur alla jafna jákvæð efnahagsleg áhrif á hagkerfi og samfélög að einstaklingarnir búi yfir og skapi nýja þekkingu.

Þekking og hugmyndir eru þannig í eðli sínu að erfitt er að koma í veg fyrir að jákvæð áhrif hennar smitist frá þeim sem hana hafa og til annarra. Af þeim sökum hafa ríki komið sér upp einkaleyfum og hugverkaréttindum til þess að vernda vitneskju og hugmyndir. Það hefur þó ekki þótt duga til þess að skapa nægjanlega hvata til þess að fjárfesta nægilega mikið í nýsköpun og því hafa ríki tekið upp á því að veita beinan stuðning til nýsköpunarstarfs með góðum árangri líkt og til menntunar til þess að leiðrétta fyrir fyrrgreindan markaðsbrest.

### **Þakið ætti að hækka meira**


Frumvarp þetta felur í sér að hámark, eða þak, kostnaðar til útreiknings í lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki vegna rannsókna- og þróunarstarfs fyrirtækja verði hækkað úr 300 milljónum króna í 600 milljónir króna en ef um aðkeypta þjónustu er að ræða hækkar þakið úr 450 milljónum króna í 900 milljónir króna. Viðskiptaráð telur þennan þátt frumvarpsins mikilvægan hlekk í þeirri umleitan að efla nýsköpun og hugvitsdrifinn iðnað á Íslandi. Betur má þó ef duga skal. Í samanburði við hin Norðurlöndin er Ísland aftarlega á merinni þegar kemur að rannsókna- og þróunarstarfi og stendur Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi að baki en nánast jafnfætis Noregi líkt og sjá má af mynd 1.

## Mynd 1

# Ísland er aftarlega á merinni í útgjöldum til R&D

## Útgjöld til rannsókna og þróunar á Norðurlöndunum

Prósent af VLF




\* GII stendur fyrir Global Innovation Index

Heimildir: Hagstofa Íslands, Viðskiptaráð Íslands.

Viðskiptaráð telur eftirsóknarvert að auka fjárfestingar í rannsóknum og þróun þannig að þær næðu a.m.k. meðaltali Norðurlandanna. Vitaskuld yrði slík hækkun ávallt flókið samspil m.a. rannsóknainnviða, þekkingar, tækifæra, skatta og annarra fjárhagslegra hvata en hið síðastnefnda skiptir þó miklu máli. Í því samhengi er áhyggjuefni hversu neðarlega á blaði Ísland er, en á mynd 2 má sjá samanburð meðal OECD ríkja sem nýta sér endurgreiðslukerfi til þess að hvetja til rannsókna og þróunar.

## Ísland þarf að efla hvata til rannsókna og þróunar umtalsvert

Samanburður meðal ríkja sem beita endurgreiðsluáðferð á R&B-kostnað  
Prósent, milljónir USD



1) Ástralía: Hærra markið aðeins í boði fyrir fyrirtæki með veltu upp að 1,63 milljörðum, lægra markið í boði fyrir fyrirtæki upp að 14,2 m USD; Frakkland: 5% endurgreiðsla fyrir allan kostnað umfram 115,8 m USD; Kanada: hærra markið aðeins í boði fyrir lítil fyrirtæki að hámarki 2,3 m USD; Holland: hærra markið aðeins í boði upp að 0,4 m USD, Bretland: Hærra markið aðeins í boði fyrir fyrirtæki með 500 starfsmenn eða færri.

Heimildir: OECD; Ernst&Young, greining Viðskiptaráðs Íslands

Nýsköpun er eitt mikilvægasta hráefnið fyrir hagsæld til framtíðar og því er afar brýnt að stjórnvöld setji fram markvissa áætlun til þess að efla hvata til rannsókna og þróunar enn frekar á næstu árum. Er þar brýnast að hækka hámark á endurgreiðanlegan kostnað en síðar meir þyrfti einnig að taka til skoðunar að hækka endurgreiðsluhlutfallið, í hið minnsta upp að tilteknu marki.

### Fögnum rýmri skilyrðum fyrir nýtingu skattaafsláttar vegna hlutabréfakaupa

Viðskiptaráð fagnar því að skilyrði um að fjárfestir hafi ekki aðkomu að nýsköpunarfélagi sem hann fjárfestir í þrjú ár eftir að fjárfestingin á sér stað sé fellt niður. Viðskiptaráð tekur undir það sem kemur fram í greinargerð frumvarpsins um að þetta ákvæði geti verið meginástæða þess að fáir hafi nýtt sér frádráttarheimildina hingað til. Ennfremur má færa rök fyrir því að skilyrðið kunni að hafa haft skaðleg áhrif á vaxtargetu fyrirtækjanna enda hamlar það þeim frá því að nýta sér þekkingu fjárfesta með formlegum hætti í þrjú ár eftir að fjárfestingin á sér stað.

Þá er því jafnframt fagnað að frumvarpið feli í sér að starfsmenn fyrirtækja muni geta nýtt sér frádráttinn og tekur undir að það geti hvatt til betri frammistöðu og aukinnar framleiðni hjá viðkomandi fyrirtæki. Viðskiptaráð telur þó að skoða þurfi hvort skynsamlegt væri að fækka skilyrðunum enn frekar, einkum þegar kemur að heimildum sífjarðtarlega tengdra aðila til þess að nýta frádráttinn.

### **Huga þarf að framlengingu laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki**

Í núverandi lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki er gert ráð fyrir því að lögin falli úr gildi 31. desember 2019. Viðskiptaráð telur að best færi á því ef þeim yrði framlengt sem fyrst, til þess að forðast óvissu, eða þau gerð ótímabundin með því að fella úr gildi 2. mgr. 17. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

**Viðskiptaráð hvetur til þess að frumvarpið nái fram að ganga en hvetur Alþingi jafnframt til að huga að frekari eflingu hvata til nýsköpunar í samræmi við ofangreindar athugasemdir.** Að lokum áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Gunnar Dofri Ólafsson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs